



HOLLVINIR GRENSÁSDEILDAR

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR STARFSÁRIÐ 2014

Hjálögð er skýrsla stjórnar samtakanna Hollvinir Grensásdeildar fyrir starfsárið

1. janúar til 31. desember 2014.

Reykjavík, 1. júní 2015

Ottó Schopka

Guðrún Pétursdóttir

Þórunn Þórhallsdóttir

Dagbjört Oddný Matthíasdóttir

Baldvin Jónsson

ADALFUNDUR 3. JÚNÍ 2015

SKÝRSLA STJÓRNAR

Samtökin Hollvinir Grensásdeildar voru stofnuð 5. apríl 2006. Tilgangur þeirra er að styðja við, efla og styrkja endurhæfingarstarfsemi þá, sem fram fer á Grensásdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss eða í tengslum við þá starfsemi. Skal það gert með öflun fjár til þeirrar starfsemi og eins með því að vekja athygli á og hvetja til styrktar starfseminnar á opinberum vettvangi.

Aðalfundir hafa verið haldnir árlega, seinast 8. maí 2014. Stjórnin, sem þá var kosin, skipti þannig með sér verkum: Formaður Gunnar Finnsson; varaformaður Guðrún Pétursdóttir; ritari Ottó Schopka; gjaldkeri Þórunn Þórhallsdóttir; og meðstjórnandi Dagbjört Oddný Matthíasdóttir. Varamenn: Baldvin Jónsson og Guðný Daníelsdóttir. Skoðunarmenn reikninga voru kosin Þór Jakobsson og Jóhanna Jóhannesdóttir. Þá samþykkti Edda Heiðrún Backman, heiðursfélagi HG, að vera áfram sérlegur ráðgjafi samtakanna, einkum í málum er snerta fjáröflun og kynningu. Stjórnin hefur notið náinnar samvinnu við Stefán Yngvason, yfirlækni, og annað starfsfólk á Grensásdeild.

Formaður félagsins, Gunnar Finnsson, lést h. 31. ágúst sl. og í framhaldi af því skipti stjórnin með sér að verkum að nýju þannig að Ottó Schopka varð formaður og Dagbjört Oddný Matthíasdóttir ritari en aðrir stjórnarmenn héldu óbreyttum stöðum. Baldvin Jónsson tók sæti í aðalstjórn sem meðstjórnandi.

Helstu atburðir

Lausn á húsnæðisvanda Grensásdeildar var áfram aðaláhugamál og verkefni HG á árinu en hægt miðar áfram í þeim málum. Stjórn félagsins átti fund með Kristjáni Júlíussyni heilbrigðisráðherra 13. ágúst sl. Á fundinum óskaði HG eftir afstöðu ráðuneytisins til tilboðs lífeyrissjóðanna um fjármögnun viðbyggingar. Óskuðu HG eftir að fá að vita hvort ráðuneytið mundi ræða við lífeyrissjóðina og þá hvenær og ef ekki þá hvort ráðuneytið hygðist leggja til annan valkost í lausn á húsnæðisvanda Grensásdeildar. Í svari sínu lagði ráðherra áherslu á að stækkun Grensásdeildar yrði hluti af byggingu nýs Landspítala en sagði jafnframt að byggt yrði á núverandi lóð Grensásdeildar en ekki þar sem ný Landspítalinn yrði byggður. Varðandi fjármögnun sagði hann að sl. vor hefði verið samþykkt þingsályktun sem fól ríkisstjórninni að gera tillögur um fjármögnun nýs spítala og væri það mál í vinnslu. Hann var ekki hlynntur eignatryggðri fjármögnun, sem byggir á lántöku því að greiðsla lánsins kæmi endanlega úr ríkissjóði, en hlynntari sölu eigna og nefndi að ríkið ætti um 1000 milljarða í eignum sem mætti losa um. Eru þær hugmyndir til umræðu í ríkisstjórninni.

Í framhaldi af fundinum taldi stjórn HG einsýnt, að bið yrðu á því að draumurinn um viðbyggingu rættist og var ákveðið að verja hluta þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar til framkvæmda á lóð Grensásdeildar með það fyrir augum að gera hana aðgengilega sjúklingum og jafnvel byggja frístandandi garðhús (pavillion) á lóðinni. Stjórnin hefur kynnt þessar hugmyndir fyrir forsvarsmönnum Grensásdeildar en komið hefur fram, að ekki er hægt að fara í að hanna lóðina og staðsetja hjólastólafæran útgang fyrr en lokahönnun viðbyggingarinnar liggur fyrir, þ.e. endanleg stærð byggingarinnar á lóðinni og aðkomuleiðir, bæði vörumóttaka og fólks. Stjórn HG er hins vegar treg til að verja háum fjárhæðum í hönnunarkostnað meðan ekkert liggur fyrir um hvenær verður ráðist í byggingarframkvæmdir. Vonir standa þó til þess að hægt verði að koma málum þannig fyrir, að viðbygging við Grensásdeild verði næsta framkvæmd eftir byggingu sjúkrahótels á landspítalalóðinni við Hringbraut sem nýlega er hafin.

Tækjagjafir

Á árinu veittu HG 1,0 m. kr. til kaupa á nauðsynlegum tækjum og búnaði, sem Grensásdeild hefur skort. Árið 2013 var samþykkt að verja 4,8 millj. kr. til samsvarandi verkefni en þeirri upphæð hafði ekki verið ráðstafað að fullu á því ári og færðust eftirstöðvarnar því yfir á síðasta ár. Enn er órástafað um 2,2 millj. kr. af þessum fjárframlögum eins og fram kemur í ársreikningi félagsins.

Meðal þess sem keypt var voru vinnustólar og lyftari fyrir sundlaug og ennfremur ný gluggatjöld fyrir glugga á vesturhlið annarar hæðar.

Fastar tekjulindir

Basar: Helsta tekjulind samtakanna á árinu var basar, sem haldinn var í safnaðarheimili Grensáskirkju þ. 29. nóvember og skilaði að frádregnum kostnaði 508 þús. kr., sem er um 230 þús. kr. minna en árið áður. Margir urðu til að leggja HG liðveislu til að ná þessum árangri með því að gera og/eða leggja til fallega muni, fatnað, kökur og annað til sölu á basarum og aðstoða við basarinn sjálfan. Í þeim hópi voru m.a. starfsfólk á Grensásdeild og félagar í bifhjólasamtökunum Sniglunum. Þá studdi Grensáskirkja atburðinn með afslætti á leigu og Sjóva tryggði sölumuni án iðgjalds.

Félagsgjöld: Innheimt félagsgjöld á árinu voru 369 þúsund krónur.

Minningarkort: Þýðingarmikil tekjulind HG er sala minningarkorta en hún nam 340 þús. kr. á árinu. Þar standa samtökin í mikilli þakklætisskuld við Önnu Laxdal Þórólfsdóttur, skrifstofustjóra á Grensásdeild, því hún hefur tekið að sér í aukavinnu, að sjá um móttöku og afgreiðslu beiðna um kort.

Styrkir

Reykjavíkumaraþon: Öll þau sem hlupu Reykjavíkumaraþonið fyrir HG söfnuðu áheimum að upphæð 310 þús. kr. fyrir samtökin.

Smartmedia: Fyrirtækið, sem hannaði vefsíðu HG upphaflega endurgjaldslaust og sem hefur vistað hana síðan gegn árgjaldi, ákvað að fella gjaldið niður. Þessi rausn sparar samtökunum 60 þús. kr. á ári.

Aðrir gjafir: Ýmis framlög bárust félaginu á árinu og vildu gefendur ekki alltaf láta nafns síns getið. Tvö systkin gáfu 500.000 kr. til minningar um bróður sinn sem hafði verið á Grensásdeild. Aðstandendur „Góðgerðarmóts hestamanna“, sem er árlegt golfmót hestamanna, tilnefndu HG til verðlauna og komu 270 þúsund kr. í hlut félagsins en þeir sem kepptu fyrir HG lentu í 3. sæti. Þá gaf lífeyrstryggingafélagið Allianz á Íslandi HG 750 þúsund kr. í tilefni af 20 ára starfsafmæli Allianz hér á landi.

Sala geisladisks „Gæðablóðs“: Sl. sumar hafði Kormákur Bragason, forsvarsmaður hljómsveitarinnar Gæðablóð, samband við félagið og skýrði frá því að hljómsveitin hefði ákveðið að gefa HG hagnað af sölu geisladisks sem þeir voru að gefa út. Hljómsveitin er skipuð 6 félögum Ólafs Þórðarsonar tónlistarmanns en hann dvaldist á Grensásdeild eins og kunnugt er. Geisladiskurinn sem ber heitið „Með sorg í hjarta“ kom út í haust en sala hans hófst eftir áramót og er óhætt að segja að hún hafi gengið ótrúlega vel og skilað HG góðum tekjum.

Fjárhagur

Eins og fram hefur komið er starfsemi tengd *Á rás fyrir Grensás* aðskilin frá annarri starfsemi HG og gilda sérstakar reglur um hvernig ráðstafa megi söfnunarfénu. T.d. skal fé eingöngu varið til nýbygginga eða viðbóta við húsnæði Grensásdeildar og að því loknu, eða fyrir ef kringumstæður réttlæta, til kaupa á háþrúðum tækjum og útbúnaði til endurhæfingar; fé skal ekki varið til reksturs Grensásdeildar.

Innstæður á reikningum *Á rás fyrir Grensás* eru helstu eignir samtakanna. Í árslok 2014 námu þær samtals 90,1 m. kr.. Til að draga úr áhættu hefur ávöxtun söfnunarfrjárens verið dreift milli Arion banka, Íslandsbanka og Sparisjóðs Suður Þingeyinga. Um skammtíma ávöxtun er að ræða og mjög íhaldssamri stefnu fylgt þar sem megin áherslan er á ríkistryggð skuldabréf og víxla og bankareikninga með stuttan bindistíma.

Í árslok 2014 námu skuldlausar eignir HG sjálfra 9,8 m.kr. og heildareignir samtakanna 99,9 m. kr.. Stjórnin vill í sambandi við ársreikningana sérstaklega geta þeirrar rausnar skoðunarmannsins Valdimars Guðnasonar að gera reikninga samtakanna aftur endurgjaldslaust.

Félagatal og árgjald

Félagar í HG eru nú 281 og er fjöldi þeirra nær óbreyttur frá fyrra ári. Árgjaldið hefur verið 1.500 krónur undanfarin fjögur ár en á sama tíma hefur innheimtukostnaður hækkað talsvert og verður ekki hjá því komist að hækka árgjaldið. Stjórnin leggur til að árgjaldið verði nú hækkað í 2.000 krónur.

Vefsíða

Vefsíða HG, www.grensas.is, var uppfærð og endurbætt fyrir tveimur árum með það að markmiði að gera hana að enn meira lifandi gagni. Hefur það tekist ágætlega og fá allir félagar sem hafa netfang sérstaka tilkynningu í tölvupósti í hvert sinn sem nýtt efni birtist á vefsíðunni. Þar sem rúmlega þriðjungur félagsmanna hefur ekki netfang var prentað sérstakt fréttabréf sl. sumar og sent í pósti til allra félagsmanna með greiðsluseðli vegna árgjaldsins. Voru félagsmenn þar upplýstir um störf félagsins sl. starfsár.

HG á Facebook

Ný fésbókar-síða var opnuð á árinu en nokkrum ruglingi veldur, að enn er opin síða á fésbókinni í nafni Grensásdeildar síðan átakið „Á rás fyrir Grensás“ var í gangi og hefur ekki tekist að fá henni lokað. Virkni á nýju síðunni hefur verið frekar lítil og þarf að afla henni fleiri vana til þess að hún nýtist HG eins og til var stofnað.

Starfsáætlun komandi árs

Lög samtakanna mæla svo fyrir að aðalfundur samþykki starfsáætlun komandi árs. Stjórnin leggur til að HG leggi megináherslu á stuðning við aðgerðir sem lúta að fjármögnun byggingarframkvæmda til að leysa alvarlegan húsnæðisvanda Grensásdeildar. Þá verði aðstoð veitt til kaupa á tækjum og búnaði, sem deildina vanhagar um. Unnið verði áfram að fjáröflun á vegum HG, einkum eflingu basarsins, og nýrra fjáröflunarleiða leitað.

Lokaorð

Stjórnin þakkar af alhug öllum þeim, sem stutt hafa starf HG á árinu en þessi stuðningur er samtökunum ómetanaleg hvatning. Þá vill stjórnin sérstaklega votta starfsfólki Grensásdeildar virðingu sína og aðdáun fyrir hið frábæra starf sem það hefur unnið, oft undir afar erfiðum kringstæðum einkum hin seinustu ár. Án þessara fágætu einstaklinga væri Grensásdeild ekkert.
